



Skólaráð Garðaskóla

27. febrúar 2013, kl. 15.30-16.30 á skrifstofu skólastjóra

Fundarstjóri: Brynhildur Sigurðardóttir starfandi skólastjóri

Fundarritari: BS

Mættir: Anna Ragnarsdóttir, Svandís Ríkharðsdóttir, Guðrún Björg Egilsdóttir, Katrín Helgadóttir, Gunnar Richardson og Ingibjörg Anna Arnarsdóttir.

Fjarverandi: Rut Aradóttir, Björn Breki, María Hrafnisdóttir (sendi varamann), Kristín Helgadóttir.

Efni fundarins:

- Brynhildur sagði frá því að Garðaskóli og prestar þjóðkirkjunnar í Garðabæ hafa komið sér saman um að skipuleggja fermingar- og haustferðir nemenda í 8. bekk dagana 23.-25. september á meðan 10. bekkingar taka samræmd próf í skólanum.
- Umræða um skóladagatal var tekin upp að nýju. Brynhildur sagði frá því að foreldrar í Garðabæ hefðu lýst óánægju með þá hugmynd í drögum skólastjórnenda að skóladagatalinu að skipta vetrarfríi í tvö styttri frí í október og febrúar en hafa ekki vetrarfrí í heila viku í febrúar. Skóladeild hefur sent öllum foreldrum í bænum könnun þar sem spurt er um fyrirkomulag vetrarfrísins. Fulltrúar starfsmanna skólans og grenndarsamfélags í skólaráði Garðaskóla ítreka að þeir eru ánægðir með þá útfærslu á vetrarfríinu sem finna má í fyrirbyggjandi drögum frá skólastjórnendum. Þeir leggja einnig mikla áherslu á að löng haustönn sé brotin upp með langri helgi. Fulltrúi foreldra bendir á að mjög margir foreldrar leggja áherslu á að nýta vikulangt vetrarfrí skólanna vel til ferðalaga með fjölskyldunni. Allir aðilar eru meðvitaðir um að erfiðara er að ljúka skólaárinu fyrir hvítasunnuhelgi í júní ef vetrarleyfið er 5 virkir dagar.
- Ákveðið var að skólastjórnendur haldi fljótlega fund með nemendaráði til að kynna fyrir þeim umræðuna um skóladagatalið þar sem nemendafulltrúar í skólaráði vor forfallaðir á þessum fundi.
- Næsti fundartími verður ákveðinn í tölvupósti.

Fundi slitið kl. 16.30